

Framlenging á rammamningi

Rammamningur milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og talmeinafræðinga, sem fengið hafa samþykkt SÍ til að starfa samkvæmt samningi um talmeinaþjónustu, dags. 3. nóvember 2017, sbr. síðari breytingar, er hér með framlengdur, til og með 31. júlí 2022. Verði ekki kominn á nýr samningur þann 1. ágúst 2022 framlengist samningurinn um mánuð í senn meðan aðilar samþykkja, þrátt fyrir ákvæði 17. gr. samningsins.

Eftirfarandi breyting er gerð samhliða og hljóðar 1. mgr. 3. gr. samningsins þannig:

Þjónusta sú, sem samningur þessi tekur til, skal unnin af talmeinafræðingi sem hlotið hefur starfsleyfi landlæknis, sbr. lög nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu og lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, sbr. einnig reglugerð nr. 1125/2012 um menntun, réttindi og skyldur talmeinafræðinga. Sé móðurmál hans annað en íslenska þarf hann að hafa gott vald á íslensku máli (í það minnsta B2 á samevrópska matsrammanum fyrir tungumál).

Forsenda framlengingar þessarar er að haldið verði áfram með þá vinnu sem er yfirstandandi af hálfu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga til að mæta þeim kröfum sem tilgreindar eru í samningsmarkmiðum ráðuneytisins og SÍ hafa lagt fram í samningaviðræðunum varðandi gæðavísa, forgangsröðun, fjarþjónustu, afleysingar, hámarks þjónustukaup og samtenging sjúkraskráa, sbr. fylgiskjal með samkomulagi þessu.

Ákveði hver og einn talmeinafræðingur að starfa ekki lengur samkvæmt samningnum skal hann tilkynna það skriflega til SÍ með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót, sbr. 15. gr. samningsins.

Einingarverð samkvæmt 6. gr. samningsins breyttist þann 1. febrúar 2022 og verður kr. 65.-.

Reykjavík, 18. janúar 2022.

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Guðlaug Þörnsd.
Júliana H. Áspelund

Frá: [REDACTED]

Sent: miðvikudagur, 12. janúar 2022 16:32

Efni: Samningar um kaup á þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum

Tilvísun í mál HRN21090150

Sjúkratryggingar Íslands

[REDACTED]

Þann 23. desember sl. sendi ráðuneytið uppfærð samningsmarkmið til Sjúkratrygginga Íslands vegna samninga um kaup á þjónustu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga. Þar eru tilgreind markmið varðandi m.a. gæðavísa, skilgreining á fjölda viðtala/tíma í samningi til að tryggja að framkvæmd samnings haldist innan fjárlaga, tenging kerfa talmeinafræðinga við önnur kerfi o.fl.

Í ljósi þeirra upplýsinga að um 3.000 börn bíða eftir þjónustu talmeinafræðinga (bæði börn sem falla undir þjónustu sveitarfélaga sem og börn sem falla undir greiðsluþátttöku ríkisins) þá telur ráðuneytið nauðsynlegt að auka þurfi aðgengi að talmeinafræðingum strax. Hins vegar er ljóst að framangreindar kröfur í samningsmarkmiðum ráðuneytisins krefjast frekari vinnu af hálfu þjónustuveitenda og sú vinna getur tekið nokkurn tíma. Ráðuneytið felur Sjúkratryggingum Íslands því að framlengja núgildandi samning við sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga til 6 mánaða þó þannig að skilyrði um tveggja ára starfsreynslu verði fellt niður og með þeim viðbótum sem þegar er búið að fallast á í yfirstandandi samningaviðræðum, ef þær liggja fyrir. Á framlengingartíma verður haldið áfram með þá vinnu sem er yfirstandandi af hálfu sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga til að mæta þeim kröfum sem tilgreindar eru í samningsmarkmiðum ráðuneytisins og Sjúkratryggingar Íslands hafa lagt fram í samningaviðræðunum. En mikilvægt er að þessi atriði liggja fyrir þegar samið verður til lengri tíma í lok framlengingarinnar.

Ráðuneytið óskar eftir að Sjúkratryggingar Íslands hefji viðræður við samninganefnd talmeinafræðinga um framlengingu núgildandi samnings með framangreindum breytingum sem allra fyrst.

F.h. ráðherra,



[REDACTED], lögfræðingur / Legal Advisor

Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8700

www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

